



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) fagnar breytingum sem koma fram í frumvarpi til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en vill undirstrika mikilvægi þess að með frumvarpinu verði stigið skrefinu lengra og í því hljóti kennarar og skólastjórnaendur í tónlistarskólum sambærilega viðurkenningu og aðrir kennarar og skólastjórnaendur.

Í frumvarpinu er nýmæli að vísað er í aðalnámskrá tónlistarskóla og þannig falla tónlistarskólakennarar undir gildissvið frumvarpsins. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tónlistarskólakennarar öðlist rétt til að sækja um leyfisbréf vegna kennslu í öðrum skólagerðum en sú viðurkenning sem í leyfisbréfi kennara felst tekur ekki til kennslu í tónlistarskólum. Útvíkka þarf þennan rétt tónlistarskólakennara þannig að þeir geti sótt um leyfisbréf til kennslu vegna menntunar, hæfni og starfa sinna í tónlistarskólum. Í leyfisbréfinu felst staðfesting á inngöngu í fagstétt kennara og slík viðurkenning hefur margþætt og mikilvægt gildi. Tekið skal fram að ekki er farið fram með neinar kvaðir á sveitarfélög vegna mönnunar tónlistarskóla.

Varðandi brotthvarf, kennaraskort og nýliðun blasir sami vandi við tónlistarskólum¹ og öðrum skólagerðum og lögformleg viðurkenning væri dýrmæt lyftistöng og hvati fyrir nýliðun. Sú aðgerð fæli í sér mikilvæga staðfestingu á jákvæðu viðhorfi til listnáms sem stefna stjórnvalda á Íslandi ber vott um. Hún væri liður í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar um viðurkenningu á störfum kennara, eflingu listnáms, virka samvinnu skóla, fjölbreytni námsleiða og að styrkleiki hvers nemanda fái notið sín.

Tónlistarskólinn hefur ríkulegu hlutverki að gegna gagnvart þeim framtíðaráskorunum menntakerfisins að búa nemendur sem best undir líf og störf í síbreytilegu samfélagi². Það að tónlistarskólakennurum verði skapaður sess til jafns við aðra kennara og tónlistarkennslu þannig gert jafnhátt undir höfði og öðrum námsgreinum er í takt við þarfir einstaklingsins og samfélagsins í heild. Ísland er tónlistarþjóð og við viljum undirbyggja að tónlist skipi áfram mikilvægan sess í okkar samfélagi.

Framangreint hefur verið áherslumál hjá Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum í hart nær tvo áratugi og er í samhljómi við stefnu og áherslur Kennarasambands Íslands (KÍ) og Listaháskóla Íslands (LHÍ) en samstarfsnefnd KÍ og LHÍ hefur beitt sér í málinu. FT hefur tekið þátt í vinnu samstarfshóps um útfærslu eins leyfisbréfs til kennslu og telur allar forsendur fyrir því að í frumvarpinu verði stigið skrefinu lengra þannig að leyfisbréf til kennslu nái til tónlistarskólakennara og tónlistarskóla eins og annarra kennara og skólagerða.

¹ Meðalaldur stéttarinnar fer ört hækkandi, nýliðun er sáralítill og skólastjórnaendur verða að leita út fyrir landsteinana eftir kennurum. Um 17% kennara og stjórnenda í tónlistarskólum eru af erlendum uppruna. Utan höfuðborgarsvæðisins fer hlutfallið upp í 27%.

² FT hefur tekið undir niðurstöður annarrar heimsráðstefnu um listfræðslu á vegum UNESCO (2010) þar sem segir að tónlistarskólar og tónlistarkennsla hafi nauðsynlegu hlutverki að gegna við umbreytingu og þróun menntakerfa í samræmi við þarfir 21. aldarinnar, þar sem áhersla er lögð á skapandi hugsun og menningarlega meðvituð samfélög.



Rök fyrir framkvæmdinni eru rakin hér á eftir.

Lög og námskrár

Með útgáfu aðalnámskrár tónlistarskóla árið 2000 voru mörkuð tímamót í starfsemi tónlistarskóla á Íslandi en með aðalnámskránni er í fyrsta skipti sett fram heildarstefna um nám og kennslu í tónlistarskólum. Aðalnámskráin lýsir meginmarkmiðum náms í tónlistarskólum allt að háskólastigi.

Í fyrsta kafla laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, með síðari breytingum, er fjallað um stofnun tónlistarskóla og þau skilyrði sem þarf að fullnægja til þess að tónlistarskóli teljist styrkhæfur samkvæmt lögnum. Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í samræmi við ákvæði 3. töluliðar 1. greinar laganna en þar er meðal annars kveðið á um að tónlistarskólar skuli kenna eftir námskrá sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins.

Hlutverk og meginmarkmið

Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öfluglu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi. Kennsluáferðir og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og sveigjanleg.

Meginmarkmið tónlistarskóla skiptast í þrjú flokka: uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun. Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda. Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttri mennta- og menningarstarfsemi.

Nám í tónlistarskólum skiptist í þrjú megináfang, grunnnám, miðnám og framhaldsnám sem skilgreinast á 1.-3. hæfniprep. Sett eru fram markmið fyrir hvern áfanga allra námsgreina og skilgreindar kröfur við lok námsáfanga. Settar eru reglur og viðmið um áfangapróf en áfangaprófum er ætlað að tryggja ákveðnar lágmarkskröfur í námi.

Stærstur hluti nemenda í tónlistarskólum á grunnskólaaldri

Nemendur í tónlistarskólum landsins eru um fimmtán þúsund. Mikill meiri hluti nemenda er á grunnskólaaldri eða yngri (15 ára og yngri) eða um 81%. Í aldurshópnum 16-20 ára eru 12% og hlutfall nemenda sem er 21 árs og eldri er 7%. Fjöldi nemenda í tónlistarskólum skiptist því sem næst jafnt á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Ef aldursskipting nemenda er skoðuð eftir þessum tveimur landsvæðum hækkar hlutfall 15 ára og yngri upp í 85% á landsbyggðinni. Langflestir nemendur byrja tónlistarnám á aldrinum 6-9 ára. Þegar hlutfallsleg skipting tónlistarnemenda í námsáfanga er skoðuð (grunn nám, miðnám, framhaldsnám) sést ennfremur að um 86% nemenda eru í grunnnámi.

Út frá upplýsingum um aldersdreifingu tónlistarnemenda má ljóst vera að uppeldisleg markmið er stór hluti af starfi tónlistarskólakennara og skipta miklu máli í starfi tónlistarskóla.

Ábyrgð og alþjóðlegir sáttmálar

Í skólastefnu KÍ 2018-2022 „Menntun er mannréttindi“ er kveðið á um að allir nemendur eigi rétt á kennurum með tilskilda kennaramenntun á öllum skólastigum og skólagerðum og dregið er fram að ábyrgð stjórnvalda á menntun feli enn fremur í sér að fullgilda, innleiða og að hafa eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra sáttmála sem Ísland hefur undirgengist um rétt barna og ungmenna til menntunar og farsældar.



Með vísan til barnasáttmálans (lögfestur 2013) skyldi hæfniramma fyrir kennarastarfið og skilgreining á þeim kröfum sem gerðar eru til kennara og skólastjórnenda, með skírskotun til þeirra starfa og ábyrgðar, gilda um kennara og stjórnendur í tónlistarskólum með sama hætti og um kennara og stjórnendur í öðrum skólagerðum. Vísast hér til forgangs þeirra ráðstafana sem er börnum fyrir bestu og að þeim sé tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Sömu kröfur til fagmennsku

Í greinargerð með frumvarpinu er í kafla um meginefni þess vitnað til starfshóps um framtíð kennaramenntunar sem skilaði skýrslu til ráðuneytisins árið 2006. Eins og þar er dregið fram, og FT vill undirstrika, er í tillögum starfshópsins lagt til að skilgreind verði viðmið um inntak og starfshætti allra kennara og skólastjórnenda. Að komið verði á samræmdu kerfi gæðastjórnunar með skilgreindum viðmiðum til að tryggja menntunarstig kennarastéttarinnar. Þannig yrði stuðlað að faglegu samræmi milli kennaramenntunarstofnana.

Í kaflanum er dregið fram að í framhaldi af framangreindu hafi háskólar sem bjóða upp á menntun kennara skilgreint hæfniviðmið sem liggja kennaranámi til grundvallar. Innan Listaháskóla Íslands á það jafnt við um tónlistardeild LHÍ, sem menntar söng- og hljóðfærakennara, og listkennsludeild LHÍ sem menntar aðra listgreinakennara.

Starf tónlistarskólakennara og starfsemi tónlistarskóla gerir sömu kröfur til fagmennsku kennara og starfsemi annarra skólaflokkanna. Hér má benda á að almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla er í miklum samhljómi við samræmdan hluta aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla. Þá eru tónlistarskólarnir virkir þátttakendur í vinnu á vegum ráðherra við móttöku menntastefnu til 2030 en sex fræðslu- og umræðufundir með kennurum og stjórnendum tónlistarskóla eru áformaðir næsta haust sem hluti af fundaröð um menntun fyrir alla og menntastefnu 2030.

Framangreint undirstrikar og styður það áherslumál FT/KÍ/LHÍ að inntak frumvarpsins, þ.e. um menntun og hæfni kennara og skólastjórnenda, eigi að taka með sambærilegum hætti til tónlistarskóla og annarra skólagerða þar sem leiðarljósið er að skapa nemendum sem bestu mögulegu skilyrði til uppeldis og náms.

Fagleg yfirumsjón

Eins og fram kemur í 12. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu og meðal verkefna er yfirstjórn námsskrárgerðar, samræming náms, prófa og réttinda er þau veita.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlitsskyldu gagnvart tónlistarskólum og tónlistarkennslu, með gæðum tónmenntakennslu í grunnskólum og tónlistarkennslu sem fram fer á tónlistarkjörsviðum tónlistar- og listnámsbrauta í framhaldsskólum, er metið til eininga á lokaprófum framhaldsskóla eða sem er hluti af skipulagðri námsbraut sem ráðuneytið hefur viðurkennt.

Tónlistarskólar hafa ákveðna sérstöðu innan skólakerfisins þar sem starfsemi þeirra skarast á margan hátt við starfsemi annarra skólagerða. Sú kennsla sem fram fer í tónlistarskólum er ekki bundin í lög en engu að síður getur skólinn tekið að sér kennslu og önnur verkefni í samstarfi við skólaflokkann sem sinna lögbundnu námi.

Í frumvarpinu er skilgreind sú hæfni sem kennarar, sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum er ætlað að búa yfir og er í samræmi við störf þeirra og ábyrgð. FT leggur á það áherslu að mikilvægi skilgreinds hæfniramma fyrir kennarastarfið er það sama inn í



tónlistarskólum og í öðrum skólum. Fagleg viðmið og faglegt eftirlit gagnvart tónlistarkennslu miðast hér ekki við mörk skólagerða.

Eitt leyfisbréf til kennslu er í samhljómi við starfsemi tónlistarskóla og störf tónlistarskólakennara.

- Tónlistarkennarar kenna öll námsstig upp að háskólastigi inn í tónlistarskólum landsins og tónlistarnám nemenda á öllum námsstigum er metið sem hluti af lögbundnu námi nemenda í grunn- og framhaldsskólum.
- Starfsemi tónlistarskóla skarast á margan hátt við starfsemi annarra skólagerða og má finna hlutverki tónlistarskólakennara stað inn í öllum skólagerðum með vísan til stefnumörkunar í aðalnámskrám. Þá hefur samrekstur skólagerða, leik-, grunn- og tónlistarskóla færst í aukana og samstarf tónlistarskóla við aðrar skólagerðir fer sí vaxandi.
- Áherslur og svigrúm fyrir tónlistarnám sem hluti af námi nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum og í starfi leikskóla hefur verið að aukast út um allt land. Má þar nefna samstarf um tónlistarstundir í leikskólum, margvísleg tónlistartengd valfög í grunnskólum og nýja námsáfanga og námsbrautir í framhaldsskólum. Tónlistarskólar og tónlistarkennarar taka þannig að sér kennslu og önnur verkefni í samstarfi við skólaflokkana sem sinna lögbundnu námi.

FT telur það sameiginlegt hagsmunamál alls skólasamfélagsins og ávinning fyrir þróun menntakerfisins í heild að störf tónlistarskólakennara hafi á sambærilegri viðurkenningu að byggja í samstarfi ólíkra skólagerða. Framkvæmdin styrkir samstarfsgrundvöll tónlistarskóla við aðrar skólagerðir, hún eykur sveigjanleika og flæði kennara milli skólastiga, styður stefnu um aukinn fjölbreytileika, skólaþróun og gæðanám fyrir alla. Framkvæmdin er til þess fallin að efla samstarf og samvirkni milli tónlistarskóla og annarra skóla og stækka kjarna lærdómssamfélagsins, sem er í anda þess sem þróun framsækis menntakerfis á 21. öld kallar á.

Þróun háskólastigsins

Með stofnun Listaháskóla Íslands (1999) og tónlistardeildar LHÍ (2001) komst menntun tónlistarskólakennara formlega á háskólastig. Mikil þróun hefur orðið í menntun tónlistarskólakennara sem er í samræmi við forsendur aðalnámskrár tónlistarskóla frá árinu 2000 þar sem segir fyrirsjáanlegt að aðalnámskráin muni leiða til breytinga á starfsmenntun tónlistarkennara.

Listaháskóli Íslands sér um menntun tónlistarskólakennara, og einnig annarra listgreinakennara, og er skipulag náms grundvallað á Bologna viðmiðum Evrópuríkjanna. Tónlistardeild LHÍ býður upp á meistaranám í söng- og hljóðfærakennslu, M.Mus.Ed., en námið er skipulagt í náinni samvinnu við listkennsludeild LHÍ sem býður upp á meistaranám í listkennslu, M.Art.Ed., þar sem nemendur í dag fá starfsréttindi til kennslu á grunnskólastigi og geta sótt leyfisbréf til kennslu í hönnun og listgreinum á framhaldsskólastigi. Með sama hætti og meistaranám í listkennslu þá uppfyllir menntun söng- og hljóðfærakennara öll skilyrði frumvarpsins til þess að öðlast leyfisbréf kennara.

Í LHÍ er unnið að þróun námsbrautar fyrir starfandi tónlistarkennara (með fjárstyrk frá ráðuneytinu), sem m.a. er ætlað að mæta menntunarbörf þeirra sem hafa mikla reynslu og færni af vettvangi en skortir formlega kennslufræðilega menntun. Þróun raunfærnimats er liður í verkefninu og gert er ráð fyrir að pilot verkefni fari af stað haustið 2019.³

Til að fylgja eftir þeirri þróun sem hefur orðið í menntun tónlistarskólakennara með stofnun tónlistardeildar LHÍ og starfrækslu söng- og hljóðfærakennaranáms á meistarastigi er mikilvægt að

³ Um 80% kennara/stjórnenda í tónlistarskólum hafa menntun sem samsvarar fyrstu háskólagráðu. Viðbótarmenntun þess hóps er að meðaltali 2,5 framhaldsnámsár. Tæp 60% kennara/stjórnenda í tónlistarskólum hafa kennaramenntun.



lagaumgjörð um menntun og leyfisbréf kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði sambærileg og hjá öðrum kennurum og skólastjórnendum. Það er faglegt sanngirnismál að menntun söng- og hljóðfærakennara veiti þeim þá viðurkenningu sem í leyfisbréfi felst við inngöngu í fagstétt kennara, hvort sem þeir fara til starfa í tónlistarskólum landsins eða kenna sína sérgrein í leik-, grunn- eða framhaldsskólum.

Að tilheyra lögformlega fagstétt kennara í landinu skiptir máli fyrir tónlistarskólakennara og tónlistarskólana í landinu, slík viðurkenning er til þess fallin að auka virðingu fyrir starfinu og hefur mikilvæg jákvæð áhrif á nýliðun í stéttinni.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

Í meðfylgjandi fylgiskjali eru settar inn þær breytingar á frumvarpinu sem að mati FT þyrftu að koma til svo fagleg viðmið um menntun og hæfni og útgáfa leyfisbréfa tæki til kennara og skólastjórnenda í tónlistarskólum með sambærilegum hætti og hjá öðrum kennurum og skólastjórnendum. Í nánast öllum tilvikum er um það að ræða að orðinu tónlistarskóli er bætt við upptalningu annarra skólagerða í frumvarpinu.

Eins og áður hefur komið fram fylgja breytingunum sem FT/KÍ/LHÍ leggja til engar kvaðir á sveitarfélög vegna mönnunar tónlistarskóla. Í viðkomandi grein (gr. 13) í frumvarpinu er gerð tillaga að eftirfarandi orðalagi: Sveitarstjórn ákveður hlutfall stöðugilda í tónlistarskóla sem skal mannað kennurum.

Kennararáð

Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er aðili að samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda, mikilvægum samstarfsvettvangi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og háskólanna HA, HÍ og LHÍ. FT hefur verið virkur aðili að ráðinu frá upphafi og telur afar mikilvægt að svo verði áfram í kennararáði sem gert er ráð fyrir að komi í stað samstarfsráðsins.

Í 7. grein frumvarpsins um kennararáð er gert ráð fyrir að þrjár sérfræðingar í kennslu á mismunandi skólastigum séu skipaðir af KÍ. FT leggur á það áherslu að af hálfu KÍ verði ráðið skipað fjórum sérfræðingum í kennslu á mismunandi skólastigum og skólagerðum svo tryggja megi áframhaldandi aðkomu allra skólagerða í KÍ að þeim mikilvægu málum sem gert er ráð fyrir að verði í hlutverki kennararáðsins.

Lokaorð

Í inngangi greinargerðarinnar sem fylgir frumvarpinu segir: „Kennarar eru lykilstarfsmenn menntakerfisins, það eru þeir sem leiða breytingar til umbóta og auka gæði í skólastarfi. Fjölgun á hæfum kennurum styrkir þannig samkeppnishæfni landsins. Brýnt er að hér á landi verði stór hópur kennara sem séu færir um að takast á við framtíðaráskoranir sem blasa við næstu árin og áratugi. Íslenskt menntakerfi þarf að búa nemendur þessa lands undir líf og störf í síbreytilegu samfélagi og skapa þeim jöfn tækifæri til menntunar. Hæfir kennarar á öllum skólastigum eru forsenda þess að sú framtíðarsýn verði að veruleika.“

Með bæði hliðsjón af framangreindu og áherslum stjórnvalda á eflingu listnáms, skapandi og gagnrýna hugsun, eflingu skapandi greina og aðgengi að menningu og listum er hér tækifæri til aðgerða sem fælu í sér mikilsverða staðfestingu á viðhorfi til lista og tiltrú á þeim í tengslum við allt framangreint.

F.h. stjórnar og fagráðs Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum
Sigrún Grendal, formaður